



Ritrynd grein birt 9. september 2012

Guðmundur Sæmundsson

Svo sæt og brosmild ...

Umfjöllun í blöðum og tímaritum um íslenskar afreksíþróttakonur á alþjóðavettvangi¹

Orðræða íslenskra fjölmiðla um íþróttakonur býr yfir eigin einkennum. Þau einkenni eru mjög í anda þeirrar umfjöllunar sem ríkir um konur almennt í íslensku samfélagi en að mörgu leyti ólík þeim einkennum sem fram koma um íþróttakarla. Þetta er niðurstaða rannsóknar á orðræðu íslenskra fjölmiðla yfir 60 ára tímabil um íslenskar afreksíþróttakonur sem náð hafa árangri á alþjóðavettvangi. Íþróttir eru vígi karlmenskunnar og hafa verið um langan aldur á Íslandi. Í þjóðlífinu almennt hefur konan gjarnan fallið undir tvö grunnstef orðræðu eða táknmyndir, annars vegar verið fjallkonan, táknmynd móðurjarðarinnar; hins vegar fegurðardísir, táknmynd hins villta og taumlausa í eðli ungra nútímakvenna. Íslenskar íþróttakonur virðast í orðræðu fjölmiðla fremur falla inn í þá táknmynd að vera fegurðardísir. Í rannsókninni voru skoðuð stef á borð við kvenlegt útlit, t.d. andlitsfegurð, fallegan líkamsvöxt, kvenlega hárgreiðslu og klæðnað, einnig samviskusemi, dugnað, tilfinningar, metnað, ákveðni og þrjúsku, umhyggju og samvinnu. Beitt var aðferðum þemabundinnar og sögulegrar orðræðugreiningar. Höfundur er adjunkt við Íþróttáfræðasetur Háskóla Íslands.

So cute and smiley ...: The discussion in newspapers and periodicals about Icelandic international female athletes

The discourse of Icelandic media on sportswomen is governed by its own characteristics, which in turn, coincide with the principles generally observed about women in the Icelandic society but in many cases different from those describing sportsmen. This is the conclusion of a research on the discourse of the Icelandic media on Icelandic female athletes for the last 60 years. Sports fortify a sense of masculinity and have done so for a long time in Iceland. In Iceland, generally, the woman has on one hand been the Mother of Iceland (i. *fjallkonan* – the queen of the mountains): a symbol of the nature and Iceland itself; on the other hand she is the beauty queen: a symbol of the wild and untamed inner nature of the young Icelandic woman. In the discourse of media Icelandic sportswomen better fit with the latter. This research compares and analyses discourse themes like feminine looks, i.e. facial beauty, beautiful body shape, feminine hair-styles and clothes, and also themes like consciousness, drive, emotion, ambition, determination and stubbornness, caring and cooperation. Guðmundur Sæmundsson is adjunct at The Sport Center of the University of Iceland.

¹ Greinin fjallar um hluta af doktorsverkefni höfundar. Hún er að nokkru leyti byggð á erindi á ráðstefnu RIKK 4.-5. nóvember 2011 en meðhöfundur þess var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Ingólfi er þakkaður yfirlestur þessarar greinar, ásamt Ingibjörgu Jónsdóttur Kolka, MA og doktorsnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Sigurði Konráðssyni prófessor, einnig við Menntavísindasvið. Ritrynum og ritstjórum *Netlu – Vef tímarits um uppeldi og menntun* eru þakkaðar margvíslegar og dýrmætari ábendingar.

Inngangur

Á Ólympíuleikunum árið 2000 vann íslensk íþróttakona bronsverðlaun í stangarstökki, Vala Flosadóttir. Í kjölfar þess birtist margt athyglisvert í fjölmiðlunum. Meðal annars var þar dregin fram nokkur umræða um Völu sem fyrirmynd íslenskrar æsku, til dæmis í viðtali við móður hennar, við forseta Íslands, menntamálaráðherra og í auglýsingum frá *Auði – í krafti kvenna* og frá *Íslandsbanka*. Þær auglýsingar tengjast einnig því að orðræða um kvenleika var allmikil í hrifningarvímum vegna afreksins. Forseti Íþróttasambands Íslands talaði um Völu sem stúlku með fallett bros og á því var hnykkt í leiðara Morgunblaðsins og víðar í umfjöllun þess. Talað var um fallega framkomu og hógværð, unga og glæsilega íþróttakonu, sem alltaf hafi verið brosmild og indæl stúlka. Hún var bronsstúlkan sem grét við öxl þjálfara síns þegar bronsið var í höfn og snökti yfir tölvupóstinum að heiman. „Einstaklega góð stúlka“, sagði landsliðsþjálfarinn.

Þegar gerð var umfangsmikil rannsókn á umfjöllun blaða og tímarita um íslenska afreksmenn í íþróttum (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011) gafst tækifæri til að skoða þessa orðræðu um Völu í stærra samhengi. Í hópi 19 íþróttamanna sem voru í sérstöku úrtaki voru fimm konur sem höfðu öðlast frægð og frama á erlendri grundu. Spurt var: *Hvað einkennir orðræðu íslenskra prentmiðla um íslenskar afreksíþróttakonur?* Við spurningunum fengust margvíslegar vísbendingar um svör. Orðræðan um íþróttir hefur greinilega haft ríka tilhneigingu til að vera mjög karllæg, allt miðast þar við unga, hrausta og sterka karlmenn, ófatlaða og með „réttu“ kynhneigð. Umfjöllun um íþróttakonur kom fyrir nokkrum áratugum inn í þessa orðræðu og hefur breytt henni nokkuð en þó eimir vissulega eftir af gömlum gildum og gamalli orðræðu. Þess vegna má líta svo á að orðræðan um íþróttakonur búi yfir eigin *meginstefjum* (oft nefnd lögmætisreglur eða löggildingarlögmál – e. *legitimizing principles*). Í þessari grein er þetta kannað nánar. Auk þess er fjallað nokkuð um stöðu þessarar orðræðu miðað við orðræðuna um karla í íþróttum og samfélagi.

Konur og íþróttir

Á margan hátt má líta svo á að íþróttir séu vígi karlmennskunnar og svo hafi verið um langa hríð. Í fornsögunum er t.d. ekki getið um íþróttaiðkun kvenna en þær eru gjarnan nálægar þegar karlarnir etja kappi enda er íþróttaiðkunin oft liður í tilraunum karlanna til að ganga í augun á konunum (Björn Bjarnason, 1950). Afar fátt hefur verið ritað um sögu íslenskra kvennaíþróttar en árið 2011 var þar gerð veruleg bragarbót þegar Hafdís Erla Hafsteinsdóttir ritaði lokaritgerð sína í sagnfræði til BA-prófs við Háskóla Íslands um kvennaíþróttir, feðraveldi og þjóðernishyggju (2011). Þar rekur hún hvernig íslensk íþróttahreyfing varð til á fyrstu áratugum 20. aldar og skoðar upphaf kvennaíþróttar á Íslandi og umhverfi þeirra, þar á meðal hugmyndafræðilegan bakgrunn. Vonandi heldur hún áfram rannsóknum sínum.

Íþróttaiðkun kvenna á Vesturlöndum hófst í kvennaskólum 19. aldar. Áhersla var lögð á að stunda íþróttir sem afþreyingu og áhugamál og íþróttaiðkunin mátti undir engum kringumstæðum grafa undan eða draga úr ímynd konunnar sem kynveru. Fyrirmyndin að íþróttum karla er hins vegar í herþjálfun (Hargreaves 2002; Hult 1994). Þessa sjást einnig glögg merki í íþróttum karla til forna (Björn Bjarnason, 1950). Sumir íþróttakynjafræðingar telja að íþróttir hafi átt stóran þátt í að viðhalda staðalímyndum um konur og kynjahlutverk á 20. öldinni og að íþróttir sem slíkar hafi verið stofnun í samfélaginu þar sem kúgun kvenna var liðin og upphafin (Bryson, 1994). Einnig þetta gæti átt við um norrænu fornhetjurnar. Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur (2004) sýnir glögglega fram á þjóðernisboðskap á fyrri hluta 20. aldar og gerir einnig nánari grein fyrir hugmyndum þessa tíma um eðli og kynhlutverk kvenna. Í fljótu bragði virðast þau viðhorf ríma vel við ímynd íþróttakvenna nútímans í fjölmiðlum og annarri samfélagslegri orðræðu.

Hvað er þá ímynd og af hverju er hún spröttin?

Ímyndir kynja og kynhlutverka verða til í orðræðu samfélagsins, ekki síst fyrir tilstilli fjölmiðla og áberandi einstaklinga, oft leikara eða annars frægs fólks eða fyrirmynda. Með einföldun og ýkjum draga þessar einstaklingar eða þeir sem um þá fjalla fram aðalatriði en sleppa því sem flækir eða gerir skilin óljósari. Íþróttamenn eru tvímælalaust í hópi þeirra sem skapa þessar ímyndir eins og sjá má síðar í þessari grein.

Annað hugtak sem gjarnan er notað í þessu samhengi er tákn. Táknmál orðræðunnar um kynin sýna þetta sama og hér að framan hefur verið rætt en á annan og athyglisverðan hátt. Í þjóðlífinu hefur konan annars vegar verið tákn náttúrunnar og landsins í krafti fegurðar sinnar og aðáunar karlanna, hins vegar tákn hins villta og taumlausa í eðli fólks. Fjallkonan er tákn móðurjarðarinnar, fegurðardísinn tákn hinnar ungu nútímakonu (Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir, 2001; Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Vissulega má samsinna því að þessar tvær táknmyndir séu þær sem mest eru áberandi og séu aðaltáknmyndirnar í þessu sambandi.

Ekki skiptir máli hvort um kvennaíþróttir er fjallað út frá sögulegum þáttum, hugmyndafræði, ímyndum eða táknmyndum, niðurstaðan verður í öllum tilvikum hin sama; konur iðka ekki íþróttir á eigin forsendum heldur fyrst og fremst á forsendum karla. Það er svo sem ekki við öðru að búast þegar þær koma á þeim forsendum inn í þetta vígi karlmenskunnar. Nánar síðar.

Þegar leitað skal að einkennum orðræðunnar um íþróttakonur er eðlilegt að skoða sé hvað einkenni í meginatriðum orðræðuna um konur almennt í samfélaginu, bæði til að átta sig á hverju megi búast við og því hvort munur sé á hinni sértæku orðræðu og hinni almennu. Almenn orðræða um konur er auðvitað afar flókin og margþætt. Í rauninni er það svo að ýmis *stef* (oft nefnd þrástef – e. *discursive themes*) geta í raun fallið undir *kynjaða íþróttarorðræðu* um konur. Íþróttir eru félagsfræðilega skoðað heftbundið vígi karlmenskunnar, nánast í svipuðum mæli og hermennska (Coakley, 2003). Þó er þetta mismunandi eftir íþróttagreinum, tíma, löndum og vinsældum og mikilvægi íþróttanna. Þess vegna er afar fyrirsjáanlegt að umfjöllunin um íþróttakonur og kvennaíþróttir sé mun minni en um karlana. Þennan þátt var því sjálfgefið að skoða sérstaklega í orðræðugreinunni. Sama gildir um ýmis fleiri stef sem falla undir kynjaða orðræðu um konur. Þar ber fyrst að nefna áherslu á kvenlegt útlit, t.d. andlitsfegurð, fallegan líkamsvöxt, kvenlega hárgreiðslu og klæðnað, einnig stef eins og tilfinningar, metnað, ákveðni og þrjúsku, umhyggju og samvinnu. Þá var einnig að því gáð hvort stef sem taka til líkamsburða, styrks og krafts, úthalds og leikni væru fátíðari um íþróttakonur en íþróttakarla.

Rétt er að taka sérstaklega fram að orðið *íþróttamenn* er hér notað um afreksíþróttafólk af báðum kynjum enda eru konur menn, rétt eins og karlar. Þegar greina þarf kynin að eru notuð orð eins og *íþróttakonur* og *íþróttakarlar*. Hið sama gildir um önnur samsett orð sem enda á *-menn*, t.d. blaða- og fréttamenn, afreksmenn o.s.frv. Orðið *íþróttir* er notað um hvers kyns afreksíþróttir nema annað sé tekið fram.

Aðferð og gögn

Orðræðugreining (e. *discourse analysis*) er oft stunduð sem eins konar gilda- og viðhorfa-greining þar sem reynt er að skyggjast bak við textann og skoða þau viðhorf og stefnur (til dæmis pólitískar, trúarlegar og heimspekilegar) sem að baki liggja, svo sem út frá orðavali, setningaskipan, tvíráðni og fleiru. Femínískar rannsóknir eru t.d. oft stundaðar undir þessum formerkjum (Rannveig Traustadóttir, 2003). Orðræða er ferli í sífelldri sköpun og endursköpun. Stefin mynda mynstur í orðræðunni, mynstur sem skapast og endurskapast í félagslegu og pólitísku andrúmslofti fortíðar og nútíðar. Þessi mynstur mynda

söguleg og pólitísk meginsteff um hvað einstökum þátttakendum leyfist að segja við ákveðnar aðstæður, um leið og þeir reyna oft að teygja á mörkum þess sem má segja eða þegja um í orðræðunni. Hugtakið söguleg samverkan skýrir hvað gerist við samleik sögulegra og pólitískra aðstæðna annars vegar og góðra röksemda fyrir hugmyndum og athöfnum hins vegar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010; Neumann, 2002).

Í íþróttarorðræðunni má sjá þessa endursköpun orðræðumynstursins í ólíkri umfjöllun eftir tíma og eftir flokkum íþróttar og hópum íþróttamanna.

Úrtakið fyrir orðræðugreininguna var samtals 984 textar um nítján afreksíþróttamenn, þar af fimm konur (í stafrófsröð): Guðrúnu Arnardóttur, Kristínu Rós Hákonardóttur, Sigurrós Karlsdóttur, Völu Flosadóttur og Þóreyju Eddu Elísdóttur. Til að finna greinar um íþróttamennina var leitað í tímaritagrúnni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem tekinn er saman í samvinnu við Føroya landsbókasavn og Nunatta Atuagaateqarfia (Det grønlandske Landsbibliotek), *Tímarit.is* (Sjá *Töflu 1*). Til hægðarauka fyrir lesendur er hér á eftir vísað í dagsetningar og blaðsíðutöl dagblaðsgreinanna þegar dæmi eru tekin úr grunninum. Leitað var að viðkomandi íþróttamanni í grunninum öllum.

Langflestir textarnir eru fréttatextar íþróttablaðamanna en þó eru nokkur lesendabréf tekin með, ritstjórnarefni, t.d. leiðarar, og auglýsingar, auk allmargra viðtala við íþróttamennina og aðstandendur þeirra. Varðandi mismun kynjanna kemur í ljós að fréttæfni var hlutfallslega minna um konurnar en karlana eins og búist var við. Hins vegar voru viðtöl við konurnar hlutfallslega álíka tíð og um karlana en viðtöl við aðra (t.d. þjálfara) voru mun oftar um íþróttakonur en íþróttakarla. Þá þótti auglýsendum meiri ástæða til að nýta konurnar í auglýsingum sínum en karlana (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011).

Tafla 1 – Rannsóknargögn sem vísað er til í greininni	
<i>DV (Dagblaðið Vísir)</i>	17.3. 1998: 14 28.9. 2000: 26 2.4. 2001: 21 <i>Helgarblað</i> 25.1. 2003: 20
<i>Fréttablaðið</i>	14.5. 2001: 4 25.8. 2004: 1 28.8. 2004: 18
<i>Morgunblaðið</i>	29.8. 1979: 30 17.2. 1996: D1 31.7. 1996: 1 25.9. 1997: 2 26.9. 2000: 4, 10, 21, 36, C2, C4 30.9. 2000 B2, B3 8.8. 2001: B5 2.12. 2004: 48 10.6. 2005: C1 18.7. 2005: B1 19.8. 2005: 6
<i>Morgunpósturinn</i>	27.2. 1995: 30
<i>Vísir</i>	26.7. 1980: 2
<i>Þjóðviljinn</i>	18.8. 1979: 11

Þessi tafla gefur yfirlit yfir þau rannsóknargögn sem vísað er til í þessari grein með beinum eða óbeinum hætti. Að sjálfsögðu voru mun fleiri gögn skoðuð eins og fram kemur í texta greinarinnar eða alls 244 greinar en ekki er ástæða til að telja þau öll upp hér.

Niðurstöður

Rannsóknin snerist um að leita svara við því hvað einkenndi orðræðu íslenskra prentmiðla um íslenskar afreksíþróttakonur og hver væri munurinn á orðræðunni um karlana og konurnar. Þótt lagt hafi verið upp með *kynjaða orðræðu* sem eitt af stefjunum sem skráð voru leiddi rannsóknin í ljós að hún er annars eðlis en önnur stef og er greinilega *meginstef* þegar íþróttakonur eiga í hlut en umfjöllun um kyn karlanna er sleppt (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). Eðli slíkra meginstefja er að önnur stef hverfast gjarnan um þau og taka mið af þeim. Hér má nefna stef sem tengjast tilfinningum, lýsingum á þeim sem konum og fyrirmyndum ungra stúlkna, útliti, fegurð, samviskusemi og dugnaði, fallettri og kvenlegri framkomu o.s.frv.

Auk hinnar kynjuðu orðræðu var það sameiginlegt í umfjölluninni um allar konurnar fimm að þær væru miklir afreksmenn (ýmis orð voru þó notuð um þetta) og væru þjóð sinni til sóma. Þetta voru reyndar meginstef um allt íþróttafólkið sem skoðað var, íþróttakarla sem íþróttakonur, fatlaða sem ófatlaða íþróttamenn, enda miðaðist rannsóknin við afreksíþróttamenn sem náð hefðu árangri á alþjóðamælikvarða í grein sinni (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011).

Hér verður fjallað um niðurstöður hvað varðar orðræðuna um íþróttakonurnar fimm. Fjallað er um þær í stafrófsröð.

Guðrún Arnardóttir spretthlaupari

Greinarnar eru alls 47 um Guðrúnu frá tímabilinu 1995–2000, 25 úr *Morgunblaðinu* og 22 úr *DV*. Guðrún Arnardóttir var lengst af ekki vinsælt fréttaeftni blaðanna og myndbirtingar af henni voru áberandi minni en af öðrum íþróttakonum og miklu minni en af íþróttakörllum sem unnu svipuð afrek. Þó var allmikið um hana fjallað þegar hún náði sínum besta árangri alþjóðlega og nokkuð oft birtust af henni grettar andlitsmyndir þar sem hún er hlaupandi og reynir mjög á sig. Slíkar myndir birtust ekki af öðrum íþróttakonum og af fáum körlum. Ekki er alltaf ljóst hvaða tilgangi það þjónar en stundum að minnsta kosti virðist þetta vera hluti af einhverri orðræðu svo sem um dugnað, viljastyrk og metnað.

Af kynjaðri umræðu um Guðrúnu má nefna þöggunina um afrek hennar, þ.e. tiltölulega litla umfjöllun miðað við karla sem vinna hliðstæð afrek. Af tilfinningasviðinu er nefnt að hún hafi tárast við að ná ekki nægilega góðum árangri (*Tafla 1 – DV 28.9.2000: 26²*) og henni líki illa það líf að búa í ferðatösku (*Tafla 1 – Morgunblaðið, 25.9. 1997: 2*). Hvort tveggja gæti þó hugsanlega fullt eins átt við um karla. Þá nefnir hún sjálf að hún hætti keppni til að geta orðið venjuleg kona (*Tafla 1 – Morgunblaðið, 30.9. 2000: B2*). Hún tekur þó fram að hún vilji ekki eingöngu vera fyrirmynd stúlkna heldur ungs fólks af báðum kynjum (*Tafla 1 – Morgunblaðið, 30.9. 2000: B3*). Þá voru oft birtar myndir af henni þar sem ávalar kvenlegar línur voru dregnar fram. Viðurnefnið „rauða ljónynjan“ (vísun í viðurnefni Bjarna Fel, „rauða ljónið“) var notað til að lýsa henni (*Tafla 1 – Morgunblaðið, 31.7. 1996: 1*) og henni var hampað sem góðri fyrirmynd ungra stúlkna. Góð æfing og heppni var einnig nefnd og hún borin saman við eldri íþróttahetjur. Þá er nefnt að henni fannst hún oft bregðast þjóðinni ef illa gekk, vegna styrkjanna sem hún fékk og fólks sem teldi íþróttamenn fá borgað fyrir að leika sér.

Önnur helstu stef um Guðrúnu voru eiginleikar eins og styrkur, hraði, mikil einbeiting, fráþær endasprettur, metnaður, þolinmæði og geta til að bæta sig.

² Í öll dagblaða- og tímaritagögn rannsóknarinnar verður hér á eftir vísað á þennan hátt til þæginda fyrir lesendur, þ.e. í *Töflu 1*, heiti rits, dagsetningu og blaðsíðutal.

Kristín Rós Hákonardóttir sundkona

Um Kristínu Rós voru lesnar 53 greinar frá árunum 1995–2006, 33 úr *Morgunblaðinu*, tíu úr *Fréttablaðinu*, níu úr *DV* og ein úr *Degi*.

Sökum þess að Kristín Rós er sennilega einn fræknasti íþróttamaður Íslendinga fyrr og síðar tekur umfjöllun um afrek hennar allmikið pláss á síðum dagblaðanna, samt mun minna en ef hún hefði unnið afrek sín sem ófatlaður karl. Hún er þó oft á útsíðum íþróttakálfa og jafnvel aðalblaða og greinum um hana fylgja oft myndir af henni, þó sjaldan á fullri ferð í keppni heldur frekar brosandir að stíga upp úr lauginni að loknu sundi. Þetta minnir (viljandi?) á myndina af Venusi að stíga upp úr vatni eða risavaxinni skel. Fyrirsagnir eru sjaldan stórar, nema við allra stærstu sigrana.

Tíðustu stef orðræðunnar um Kristínu Rós eru miklar og strangar æfingar, glæsileiki og góð fyrirmynd fyrir ungt íþróttafólk, fatlað sem ófatlað. Elja og þrautsegja eru dregin fram, þrúð og íþróttamannsleg framkoma, styrkur, áræðni og mætnaður og mikið keppnisskap. Hún er einnig andlit No Name 2001 (*Tafla 1 – Fréttablaðið*, 14.5. 2001: 4) og kona ársins 2004 hjá *Nýju lífi* (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 2.12. 2004: 48). Kristínu Rós tekst að brjótast að mestu leyti út úr fötlunarorðræðunni yfir í kynjaða orðræðu (Guðmundur Sæmundsson og Kristín Björnsdóttir, 2011) þótt áherslan á lækisfræðilega skilgreiningu á fötlun hennar hverfi aldrei alveg.

Önnur stef tengjast því að hún skuli aldrei hafa verið kosin íþróttamaður ársins. Fötlunarorðræða í bland við kynjaða orðræðu kemur fram í ofgerðri barnalegri aðdáun. Þannig segir Kristín Rós frá því að henni sé oft mætt þannig og við hana talað eins og hún sé heimsk vegna þess að hún sé fötluð, jafnvel þótt hún sé hámenntuð kona (*Tafla 1 – DV Helgarblað*, 25.1. 2003: 20). Loks örlar á umræðu um að auðveldara sé að ná árangri sem fatlaður íþróttamaður en ófatlaður.

Sigurrós Karlsdóttir sundkona

Greinarnar um Sigurrósu eru aðeins 13 og fundust ekki fleiri á árunum 1979–1984. Þær eru fjórar úr *Morgunblaðinu*, fjórar úr *Þjóðviljanum*, fjórar úr *Vísir* og ein úr *Degi*. Umfjöllunin um þennan fyrsta afreksmann fatlaðra íþróttamanna er afskaplega lítil og smá að vöxtum og veldur því vísast bæði fötlunin og kynið. Hún er ekki sett upp á áberandi hátt og forðast er að birta öðru vísi myndir af henni fyrst í stað en andlitsmyndir. Stór viðtöl á heilsíðum koma þó fyrir með stórum fyrirsögnum og kyrrmyndum frá verðlaunaafhendingum og í hópi með öðrum keppendum.

Helstu stef eru erfiðir andstæðingar og óvæntar breytingar á keppnisreglum. Fram kemur einnig að aðstaða fyrir keppnishald fatlaðra sundmanna sé ekki gott á Íslandi. Loks kemur fram ákveðið virðingarleysi í garð Sigurrósar sem ungrar stúlku, fatlaðs íþróttamanns og fatlaðs einstaklings í orðalaginu „dugnaðarforkur“ (*Tafla 1 – Vísir*, 26.7. 1980: 2) og „barn“ (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 29.8. 1979: 30; *Þjóðviljinn*, 18.8. 1979: 11) sem blaðamenn nota um hana. Raunar má vel halda því fram að fjallað sé um Sigurrósu sem kynlausan einstakling og barn langt fram eftir aldri (Guðmundur Sæmundsson og Kristín Björnsdóttir, 2011).

Vala Flosadóttir stangarstökkvari

Alls voru skoðaðar 65 greinar um Völu frá árunum 1995–2005, 46 úr *Morgunblaðinu*, þrettán úr *DV*, fjórar úr *Fréttablaðinu*, ein úr *Degi* og ein úr *Helgarpóstinum*. Vala Flosadóttir naut á keppnisferli sínum mikillar hylli fjölmiðlanna og fréttaflutningur af afrekum hennar var mikill og tíður, gjarnan með stórum ljósmyndum í lit og stórum fyrirsögnum, oft á forsíðum. Hún birtist einnig í leiðurum, í auglýsingum og víðar og bros Völu einkenndi nánast allar myndirnar. Áhersla í myndbirtingum er lögð á stelpulegt fas hennar og ein-

lægt og ósvikið bros. Þetta eru því yfirleitt uppstilltar kyrrmyndir en ekki myndir af henni að stökkva.

Kynjuð umræða er mikil og áberandi um Völu. Rætt er um klippingu hennar (*Tafla 1 – DV*, 17.3. 1998: 14), hvað hún sé framúrskarandi og sæt, hún sé drottning (*Tafla 1 – Morgunpósturinn*, 27.2. 1995: 30) eða gyðja, íþróttakona úr mjúku stáli (*Morgunblaðið*, 26.9. 2000: 4), góður fulltrúi kvenna í íþróttum (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 26.9. 2000: 4) og frábær fyrirmynd fyrir konur og stúlkur (*Tafla 1 – DV*, 17.3. 1998: 14; *Morgunblaðið*, 26.9. 2000: 10 og 21), því að hún hafi m.a. fyrst íslenskra kvenna komist á verðlaunapall á ÓL (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 26.9. 2000: 36). Talað er um að hún sé með „geislandi framkomu“ (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 26.9. 2000: C2) og afrek hennar kölluð „árangur hins ljósa mans“ (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 10.6. 2005: C1). Þjálfarinn hennar segir að hún sé „kjörgripur að þjálf“ (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 17.2. 1996: D1). Hún snökti yfir tölvupósti að heiman (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 26.9. 2000: C4) og grét við öxl þjálfarans (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 26.9. 2000: C4). En þótt hún sé kona fær hún þá einkunn að hún hafi vaska og íþróttamannslega framkomu (*Tafla 1 – DV* 17.3. 1998: 14) og þegar mikið er í húfi er hún í vígahug – rétt eins og valkyrjurnar fornu sem nafn hennar minnir á. Auk þess er minnst á miskvenlega þætti eins og þakklæti, sjálfstraust, spennufíkn, góðar kveðjur í tölvupósti að heiman, hugrekki, þolinmæði, yfirvegum og mikla hæfileika. Af öðrum stefnum bar hæst fyrirmyndina og átrúnaðargoðið, umræðuna um hvort hún væri í raun íslensk eða sænsk, keppnisskap, einbeitni, metnað, strangar æfingar, gott samband við áhorfendur, mikla atorku og kraft, öryggi, fjölhæfni og andlegan styrk.

Þórey Edda Elísdóttir stangarstökkvari

Fréttagreinar um Þóreyju Eddu voru alls 66 frá árunum 2000–2005, 38 úr *Morgunblaðinu*, sextán úr *Fréttablaðinu* og tólf úr *DV*. Þórey Edda Elísdóttir nýtur vinsælda Völu Flosadóttur og stangarstöcks kvenna þegar hún fer að sýna góðan árangur í greininni. Umfjöllunin um hana er næstum eins mikil og um Völu, bæði hvað varðar tíðni og magn. Stórar litmyndir af henni prýða útsíður blaðanna þar sem dregnar eru fram kvenlegar línur hennar og glæsileiki í útliti. Vinsæl staða er í upphafi atrennu með stöngina á lofti og fætur í kross. Þessi frekar kvenlega staða er að öllum líkindum valin til þess að minna á kyn hennar.

Kynjuð umræða um Þóreyju er af ýmsu tagi. Einhvers staðar að eru fréttir (sögusagnir) um hana sem ástkonu Mónakóprins (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 19.8. 2005: 6) og talað er um hana sem góðviljaða félagsmálakonu sem taki jafnvel þátt í stjórnárum. Af mýkri gildum er góðmennska hennar og jákvæðni sérstaklega dregin fram (*Tafla 1 – Fréttablaðið*, 28.8. 2004: 18). Stundum er líkami hennar bútaður niður við myndbirtingar, sýndur rass eða læri, en oftast er þess gætt að sýna sem mest af líkama hennar. Hvort tveggja dregur fram kvenlegar línur hennar (*Tafla 1 – DV*, 2.4. 2001: 21; *Morgunblaðið*, 8.8. 2001: B5; *Fréttablaðið*, 25.8. 2004: 1; *Morgunblaðið*, 18.7. 2005: B1).

Helstu önnur stef eru miklir hæfileikar hennar og hve hávaxin hún er. Auk þess er þess vel gætt að það komist til skila að hún sé Hafnfirðingur í húð og hár, efnileg og í toppformi. Dregnar eru fram einstaklingskostir hennar eins og að hún sé vönduð manneskja, hrein og bein, jákvæð og ákveðin, öguð og æfi mikið. Hún reyki ekki og drekki aðeins með mat, borði það sem henni finnst gott, sé mátulegur eiginhagsmunaseggur, heppin og trúin á sjálfa sig. Oft er hún nefnd í skugga Völu Flosadóttur eða að hún feti í fótspor hennar. Þetta sést stundum í myndbirtingum þar sem birt er stór mynd af Völu en lítil af Þóreyju, jafnvel þótt Þórey hafi stökkið hærra í það sinnið.

Morgunblaðsleiðari 26. september árið 2000

Ein prentmiðlaumfjöllun er þess verð að fjalla um hana sérstaklega. Þriðjudaginn 26. september árið 2000 er skrifað í *Morgunblaðið* um Völu Flosadóttur í leiðara, í framhaldi af bronsverðlaunastökki hennar á Ólympíuleikunum. Sú umfjöllun segir meira en mörg orð um megineinkenni kynjaðrar orðræðu um íslenskar afreksíþróttakonur eða orðræðuna um kvenleika íslenskra íþróttakvenna. Í leiðaranum stendur:

Það er frábært afrek hjá svo ungrri stúlku sem svo sannarlega hefur unnið hug og hjörtu landa sinna með árangri sínum, falgri framkomu og hógværd. Og hún er fyrst íslenskra kvenna til að komast á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Íslendingar eru svo sannarlega stoltir af Völu Flosadóttur.

Viðbrögð forseta Íþrótt- og ólympíusambands Íslands, Ellerts B. Schram, sem var viðstaddur keppnina lýsa vel þeim hughrifum sem Íslendingar urðu fyrir við árangur Völu:

„Ég er nánast orðlaus ... okkar stúlka var svo sannarlega í sviðsljósinu með sitt fallega bros og mikla keppnissskap.“ (...)

Hún sýndi fljótlega mikinn dugnað og metnað og brátt vakti hún mikla athygli þegar hún setti hvert unglíngametið af öðru, Íslandsmet, Norðurlandamet, Evrópumet og loks heimsmet. Svo glæsilegur var ferill hennar að Svíar vildu fá hana til að gerast sænskur ríkisborgari og keppa fyrir Svíþjóð en það vildi hún ekki því hún er Íslendingur fyrst og síðast. Ekki kom til greina annað en að keppa fyrir Íslands hönd. Vala Flosadóttir hefur ekki aðeins unnið mikið persónulegt afrek sem mun verða til þess að nafn hennar verður skráð um ókomin ár í íslenska íþróttasögu, heldur hefur hún einnig verið föðurlandi sínu til sóma og glatt landa sína með árangri sínum og falgri framkomu. Þessi unga og glæsilega íþróttakona var fyrir löngu orðin fyrirmynd nýrra kynslóða Íslendinga og með fordæmi sínu verður hún æskufólki hvatning til þess að stunda íþróttir og lifa heilbrigðu lífi (*Tafla 1 – Morgunblaðið*, 26.9. 2000: 36).

Hér er nánast á ferðinni allt það sem áður hefur verið nefnt sem einkenni kynjaðrar orðræðu. Vala er ung fegurðardís með fallega framkomu og líkamsreisn, brosmild, íslensk nútímakona sem elskar landið sitt, með leiftrandi tilfinningar og kvenleg einkenni eins og samviskusemi, dugnað og metnað fyrir sína hönd og þjóðar sinnar og auk þess frábær í beinum sem óbeinum samskiptum við aðra sem fyrirmynd þeirra og hvatning. Hér er ekkert sem stingur verulega í stúf við viðhorf samfélagsins fyrir hundrað árum um kyneðli og kynhlutverk (Sigríður Matthíasdóttir, 2004).

Umræður

Hvað einkennir orðræðuna um íslenskar afreksíþróttakonur?

Eins og nefnt hefur verið var í þessari rannsókn spurt hvað einkenndi orðræðu íslenskra prentmiðla um íslenskar afreksíþróttakonur. Þar er fyrst að nefna að *minna* er almennt fjallað um afrek kvenna í íþróttum en karla í prentmiðlunum á þeim tíma sem skoðaður var. Þetta er í fullu samræmi við niðurstöður rannsókna héraendis og erlendis eins og fram kemur í nýlegri rannsóknarskýrslu Jafnréttisstofu (Kjartan Ólafsson, 2006) en einnig víðar (Anna Guðrún Steindórsdóttir, 2008; Coakley, 2003; Gunnar Valgeirsson og Eldon Snyder, 1986). Nokkrir fræðimenn fjölluðu á Þjóðarspegli í október 2010 og á Jafnréttisþingi 4. febrúar 2011 um alþjóðlega könnun sem leiddi til sömu niðurstöðu (Eygló Árnadóttir, 2011; Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010; Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

Í öðru lagi er *þjóðernisstefið* mjög sterkt í umfjölluninni um íþróttakonurnar fimm, rétt eins og um karlana. Þetta kemur alls ekki á óvart og er í fullu samræmi við það sem nefnt hefur verið hlutverk íþrótta í samfélaginu, þ.e. annars vegar að efla þjóðernissamkenndina, hins vegar að efla „þjóðarhreystina“ eða lýðheilsuna svo nútímalegra orð sé notað (Kellas, 1991; Björn Bjarnason, 1909). Þessu tengd er áherslan á afreksmennskuna sem einnig kemur fram sem afar sterkt stef um íþróttakonur sem íþróttakarla. Raunar er hugsanlegt að þjóðernisstefið hafi átt sinn þátt í að koma í veg fyrir að konur í íþróttum nytu sannmælis.

Hjá konum er auk þess um að ræða meginstefið *kynjaða orðræðu* þar sem talað er sérstaklega um þær sem konur eða fyrirmynd kvenna þótt það komi afrekum þeirra lítið við. Einnig er greinileg kynjuð orðræða í því fólgin að birta myndir þar sem kvenlegar línur og fegurð eru dregnar fram. Hjá körlum falla undir kynjuðu orðræðuna stef eins og líkamsburðir, styrkur og sjónræða (til dæmis myndir, staðsetning og stærð fyrirsagna) þar sem áhersla er lögð á vöðva og hreyfingu (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). Athyglisvert er að skoða þau stef sem sameiginleg eru konunum í gögnum orðræðugreiningarinnar. Þar er fyrst að nefna að stefið *metnað* má finna hjá fjórum kvennanna en hjá körlunum er metnaður sjaldan nefndur, hvað sem því kann að valda (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). eru íþróttir hugsanlega svo karlmannlegar í orðræðu blaðamanna að það þurfi sérstakan metnað hjá konum til að ná árangri í þeim?

Hjá þremur konum koma síðan fyrir nokkur stef sem fátíðari eru hjá körlum (Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011), þ.e. *menntun og gáfur* (Guðrún, Vala, Kristín Rós); *hugrekki og áhættufíkn* (Vala, Þórey, Kristín Rós); og *slæm aðstaða* (Guðrún, Þórey, Sigurrós). Konur virðast því þurfa menntun, gáfur og hugrekki umfram karla til að komast svo langt og aðstaða þeirra til íþróttaiðkunar virðist talin verri ef marka má orðræðuna.

Samandregið má segja að greining prentmiðlaumfjöllunarinnar færi okkur samhverfa mynd af kynjaðri orðræðu sem sýnir hvað íþróttakonur eru og hvað þær eru ekki (Tafla 2).

Tafla 2 – Orðræðan um einkenni íslenskra afreksíþróttakvenna	
Íslensk afreksíþróttakona er ...	Íslensk afreksíþróttakona er ekki ...
• ung stúlka (13–18 ára)	• miðaldra eða eldri kona
• hógvær og með fallega framkomu	• orðhvöt eða hrokafull
• fögur og glæsileg útlits	• ófríð eða venjuleg útlits
• með fallett bros	• alvörugefin
• með mikið keppnisskap	• veikgeðja
• heilbrigð og menntuð	• óheilbrigð og ómenntuð
• dugleg	• snjöll og hæfileikarík
• metnaðargjörn	• í íþróttum ánægjunnar vegna
• fyrirmynd ungra stúlkna	• í íþróttum heilsunnar vegna

Þessi tafla er vísitandi sett fram í einfölduðu formi, til þess gerð að draga fram megineinkenni orðræðunnar um íþróttakonur. Líta ber á hana sem skilning höfundar á orðræðunni og blæbrigðum hennar en ekki sem orða- og hugtakanotkun sem heppilegt eða hægt sé að vottfesta með beinum dæmum.

Ekkert í þessari töflu er andstætt skoðunum íslenska feðraveldisins frá því um aldamótin 1900 (og vafalaust lengur, að íþróttum slepptum) á því hvaða kostum hin íslenska (íþrótt)kona eigi að vera búin og hvað henni beri að forðast (Sigríður Matthíasdóttir, 2004).

Karlar og íþróttir

Sú mynd sem íþróttahreyfingar Vesturlanda hafa leitast við að draga upp af sjálfum sér er afar karllæg og gerir sjaldnast ráð fyrir konum. Hult (1994) og Hargreaves (2002) eru þannig sammála um að vægi kvennaíþróttar þegar kemur að sjálfsmynd og sagnaritun íþróttahreyfinga sé lítið og þessum ójöfnuði sé stöðugt haldið við í nútímanum verði sér-tækum aðgerðum ekki beitt til að vinda ofan af honum. Fjölmíðlar spegla þessa orðræðu nánast beint enda einatt í góðu sambandi við íþróttahreyfinguna. Í þessu sambandi er því ekki rétt að ráðast að fjölmiðlunum og gagnrýna þá. Fremur má benda á þá hættu að ef hug- og félagsvísindafólk heldur áfram að hunsa íþróttir og þá sérstaklega kvennaíþróttir muni rómantísk söguskoðun og sögutúlkun íþróttahreyfingarinnar verða ríkjandi viðhorf (Guðmundur Sæmundsson og Kristján Kristjánsson, 2011).

Bein kynjuð orðræða um karlana, hversu glæsilegir, vel vaxnir, hraustir og sterkir þeir séu, er frekar sjaldgæf í gögnum rannsóknarinnar og í íþrótttaumfjöllun fjölmiðlanna almennt en óbeint má segja að hún komi fram í því að karlmennskuímyndin bíður hvergi hnekki í lýsingum á þeim, hvorki í orðum né myndum. Hún er ef til vill einna sterkast dregin fram í sambandi við kraftaíþróttir en síst í sambandi við íþróttir eins og skák. Þessi hlutfallslegi skortur á sérstakri kynjaðri orðræðu um íþróttakarla skýrist eins og áður sagði af því að íþróttir eru vígi karlmennskunnar og svo hefur verið um langa tíð. Þar kemur því fátt karlmannlegt á óvart og því óþarft fyrir fjölmiðlana að fjalla sérstaklega um það.

Mismunur orðræðunnar milli kynja kemur einnig fram í því hvaða stef koma EKKI fyrir hjá öðrum hvorum hópnum. Stef sem ekki koma fyrir um neinar kvennanna en eru algengar um karlana eru til dæmis *dómaramál*, *félagavandræði*, *hjátrú*, *áhorfendur*, *keppnisvellir*, *kímnigáfa*, *orðheppni*, *kæruleysi*, *vera jarðbundinn*, *útsjónarsemi*, *góður liðsmaður*, *foringi*, *lyfjamál* og *gestrisni*. Að verulegu leyti ræðst þetta af því hvaða konur voru í úrtakinu (t.d. engar konur úr hópíþróttum) en á hinn bóginn kann að vera talið að ekki hæfi að nota sum þessara stefja um konur, t.d. *dómaramál* og *félagavandræði* (konur eru ekki til vand-ræða) og *gestrisni* (karlar sjá um gestrisnina en konur um veitingarnar). Þannig segir fjar-vera marga „karl“-stefja okkur margt um orðræðuna um íþróttakonur. Þetta tengist einnig umræðum um einkenni og hlutverk kynjanna í heimi karlmennskunnar þar sem körlum eru eignaðir eðlisþættir sem geri þá almennt að eðlilegum foringjum, stjórnendum, viðskiptajöfrum og þjóðhöfðingjum (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarisdóttir, 2011; Svafa Grönfeldt o.fl., 2008; Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010).

Í kynjaðri orðræðu fjölmiðla um íþróttakarla kemur fátt á óvart og sú orðræða er fólki jafn-vel svo töm að flestir veita henni enga athygli. Konum hefur hins vegar ekki verið veitt at-hygli sem fullgildum einstaklingum nema þá á forsendum karlanna eða ef orðræðan fer út fyrir þann ramma sem viðtekinn er. Dæmi um slíkt er sú orðræða sem annars vegar hefur fylgt Þorgrími Þráinssyni rithöfundu og fyrrverandi knattspyrnuhetju, til dæmis vegna bókar hans *Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?* (2007b), hins vegar orðræða tengd Agli „Gillzenegger“ Einarssyni íþróttufræðingi og einkaþjálfara sem einnig hefur gefið út leiðbeiningar til þeirra karla sem vilja ganga í augun á konum, *Mannasiði Gillz* (2009) og *Lífsleikni Gillz* (2010). Munurinn á þeim tveimur er hins vegar meðal annars sá að Þor-grímur hefur gerst eins konar íslenskur boðberi „mjúka karlmannsins“ af einlægni (Silja Aðalsteinsdóttir, 1995; Þorgrímur Þráinsson, 2007a) en Gillz virðist ætla sér að draga fram karlmenskuna og karlrebuna með skopstælingu og ýkjur að vopni, auk þess sem

hann virðist njóta þess sérstaklega að ráðast gegn femínisma og jafnréttishugmyndum með enn meira offorsi. Gillz kemur fram sem nokkurs konar metrókarl í stíl við Beckham (Hildred og Ewbank, 2003; Coad, 2008) en gefur sig einnig út fyrir að vera hommahatari en í því felst nokkur mótsögn því metrókarlar höfða til beggja kynja. Önnur mótsögn kemur fram í því að Gillz skrifar mjög niðrandi um konur og virðist jafnvel vera kven- og sérstaklega femínistahatari þótt allar ráðleggingar hans snúist um það hvernig eigi að ganga í augun á konum (Auðmjúkur Gillz sér eftir öllu saman, 2010; Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011).

Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir líta svo á að full ástæða sé til að taka Gillz alvarlega og að hann meini fyllilega það sem hann setur fram eða að minnsta kosti kjarna þess. Niðurstaða þeirra er m.a. sú að boðskapur Gillz öðlist lögmæti í samfélaginu, hafi áhrif og sé þannig fordæmisgefandi. Ef til vill má tengja boðskap og framsetningar- aðferð Gillz því álitu sumra fræðimanna að þar sem íþróttum sé ætlað að vera vettvangur karlmennsku skuli þær þar af leiðandi að einhverju leyti ganga út á að hafna kvenleika og þjóna sem tákni um yfirburði karla yfir konum. Slík túlkun byggist á eðlishyggju og gömlum og rótgrónum hugmyndum um séreðli kynjanna (Bryson, 1994; Messner, 1994). Þetta stangast þó á við áður nefnd metró-gildi Gillz sjálfs.

Loks má nefna að niðurstöður greiningarinnar vekja upp spurningar um eðli íþróttá, álitamála sem vert er að taka til umræðu og jafnvel gera upp við innan íþróttahreyfingarinnar og í allri íþróttafjölmíðlun. Það er hvort enn skuli haldið í þá ímynd að íþróttir séu birtingarmynd karlmennsku og líkamsburða og þær íþróttir sem hafi aðrar áherslur teljist vart til alvöru íþróttá. Þetta tengist til dæmis deilum um hvort skák og aðrar borðíþróttir skuli teljast til íþróttá.

Lokaorð

Kventáknin *fjallkonan* og *fegurðardís* sem minnst var á hér að framan falla misvel að íþróttum. Þegar konur fara smám saman að láta að sér kveða í íþróttum virðast þær bera með sér inn í íþróttarorðræðuna þá orðræðu um konur sem tíðkast úti í samfélaginu. Íþróttakonurnar hljóta því annaðhvort að verða fjallkonur eða fegurðardísir. Ein þeirra sem rætt hefur verið um í þessari grein virðist raunar alls ekki komast inn í orðræðuna sem kona. Það er fatlaða afrekskonan Sigurrós Karlsdóttir. Eins og títt hefur verið um fatlaða einstaklinga er fjallað um hana nánast sem kynlausa. Þetta á hins vegar ekki við um fötl- uðu íþróttakonuna Kristínu Rós Hákonardóttur. Um hana er orðræðan að mestu kynjuð, hún er kona sem fellur vel að tákmyndinni fegurðardís, rétt eins og íslensku alheims- fegurðardrottningarnar Hólfríður Karlsdóttir, Linda Pétursdóttir og Unnur Birna Vilhjálm- dóttir. Hið sama gildir um „sætu stelpurnar“ Völu Flosadóttur, Guðrúnu Arnardóttur og Þóreyju Eddu Elísadóttur. Það er einna helst að Guðrún nálgist örítið eða minni á ták- mynd hinnar móðurlegu fjallkonu með ákvörðun sinni um að hætta í íþróttum og fara að lifa lífinu sem venjuleg kona (og móðir). Einmitt þetta sýnir að íslenskar íþróttakonur falla undir hina tákmyndina nær undantekningarlaust, fegurðardísina.

Í ljósi þeirrar sterku orðræðukröfu að íþróttakonur séu fegurðardísir má ef til vill skoða þá tilhneigingu að íþróttakonur eru oft yngri en karlarnir og keppnisbúningar þeirra efnisrýrari og/eða aðskornari, sbr. t.d. fimleika, dans, tennis, badminton, frjálsíþróttir, strandblak o.fl. Þessi dýrkun æsku, holds og líkama (eða vöðva – sbr. „crossfit“ og vaxtarrækt) þekkist að sjálfsgöðu einnig meðal íþróttakarla en ekki í sama mæli og á sama hátt og hjá stúlk- unum. Raunar hafa keppnisbúningar karla í sumum íþróttgreinum þróast í þá átt að hylja meira en áður (t.d. í knattleikjunum) þótt einnig séu dæmi um hitt (t.d. í frjálsíþróttum). Þetta kann þó allt að skýrast af tískustraumum að einhverju leyti. Nýju karlmennsku- gerðirnar sem nefndar eru í kaflanum hér á undan koma á hinn bóginn gjarnan hálfberar fram eins og Gillz á forsíðu *Símaskrárinnar* (2011). Sýning stælt líkama er heldur ekki

fjarri þeim lagsbræðrum David Beckham og Þorgrími Þráinssyni. Og eitthvað er þetta því skylt að karlkyns knattspyrnuhetjur mega varla skora mark öðruvísi en vilja helst rífa sig úr treyjunni og hlaupa um berar að ofan á meðan þær njóta athyglinnar frá áhorfendum. Þetta hefur nú verið bannað en sumar hetjurnar gera þetta samt og uppskera að launum gul spjöld en mikla aðdáun kvenkyns áhorfenda.

Sú rannsókn sem hér hefur verið fjallað um vekur margar spurningar sem ekki er unnt að svara á grundvelli þeirra gagna sem aflað var í henni. Þær íþróttakonur sem um er fjallað stunda allar íþróttgreinar sem líta má á sem frekar þokkafullar og sem standa nærri hinni kvenlegu ímynd fegurðardísarinnar. Þær svífa um loftið, hlaupa af snerpu og tign eða smjúga mjúklega í gegnum vatnið. Full ástæða er hins vegar til þess að skoða betur hvernig orðræðan er um konur sem stunda íþróttir eins og kastgreinar, aflraunir og lyftingar. Þar er byggt á kröftum og afli í ríkara mæli en tilheyrir staðalímyndinni um konur og þykir almennt tilheyra heimi karlmenskunnar. Snýst orðræðan um þær ef til vill um að þær séu of karlmannlegar og skorti kvenleika? Og hvað með „harðar“ íþróttgreinar eins og knattspyrnu, hvers vegna er sumu fólki svo tamt að stimpla þær stúlkur sem þá íþrótt stunda sem „strákastelpur í lessubolta“?

Séu einhverjir í vafa um misjafna stöðu kynjanna í íþróttum þessa dagana er hér að lokum stutt frétt af *Smugunni* frá 28. júní sl. (2012) undir fyrirsögninni „*Ekki láta stelpuna sóla þig!*“ – *fótboltapabbar á testósteróni*:

„Ekki láta stelpuna sóla þig,“ var hrópað inn á knattspyrnuvöll þar sem tvö lið í fimmta flokki karla áttust við á Smárahvammsvelli í Kópavogi í gær. Þar lék stúlka með öðru liðinu og lét svona hróp ekki á sig fá, segir þjálfari. Foreldri knattspyrnudrengja segist undrandi á því að hafa horft upp á feður æpa svona inn á völlinn.

Breiðablik og Fylkir áttust við í fimmta flokki stráka í gær. Þessir krakkar eru fæddir árin 2000 og 2001. Leikirnir voru fjórir, en hvort lið um sig tefldi fram A-, B-, C- og D-liði. Í A-liði Breiðabliks lék stúlka með strákunum.

Foreldri sem fylgdist með leiknum segir við *Smuguna* að sumir feðurnir á hliðarlínunni hafi hrópað niðrandi ummæli um stúlkuna inn á völlinn. Þeim hafi samt ekki verið beint til hennar, heldur drengjanna á vellinum.

Það hafi verið eins og stelpa hafi farið „í testósterónið“ á einhverjum feðranna á vellinum. Þeir hafi kallað „verið nú meiri menn en stelpa,“ „ekki láta stelpu valta yfir ykkur“ og fleira í þeim dúr inn á völlinn, segir foreldrið í samtali við *Smuguna*. Þetta hafi haft í för með sér að strákarnir hafi verið farnir að gera grín að stelpunni. Hún hafi samt sem áður staðið sig mjög vel og skorað í leiknum. Foreldrið, sem ekki vildi koma fram undir nafni, þar sem um börn sé að ræða, segist munu ræða við þjálfara um málið.

Hans Sævarsson er þjálfari fimmta flokks stráka hjá Breiðabliki og þjálfar jafnframt meistaraflokk kvenna. Hann lýsir því að efnilegar stúlkur spili stundum með karlaliðum Breiðabliks í yngri flokkum. Hann segist ekki hafa fylgst mjög náið með því hvað kallað var inn á völlinn í gær. Hann hafi þó heyrt setningar eins og „ekki láta stelpuna sóla þig“.

„Ég sá bara að hún var upp með sér þegar hún sólaði gæjann og hann rann á rassinn. Svo sólaði hún bara tvo í viðbót.“

Hann segir við *Smuguna* að sér finnst að orðnotkun af þessu tagi hafi farið minnkandi undanfarin ár.

„Þetta er ellefta árið sem ég þjálfá og mér finnst þetta alltaf vera að minnka.“

Heimildir

Anna Guðrún Steindórsdóttir. (2008). Íþróttafréttir í dagblöðum. *Íþróttافرæði*, 2(1), bls. 37–40.

Auðmjúkur Gillz sér eftir öllu saman: Feministar bjóða bara upp á að ég geri grín að þeim. (2010). Pressan, 17. desember. Sótt 30. júní 2011 af <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/audmjukur-gillz-ser-eftir-ollu-saman-feministar-bjoda-bara-upp-a-ad-eg-geri-grin-ad-theim?page=2&offset=50>

Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmsdóttir. (2011). „Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni *Mannasiðir Gillz*.“ *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/002.pdf>

Björn Bjarnason. (1909). „Betur má ef duga skal.“ *Skírnir*, 83(4), 242–257.

Björn Bjarnason. (1950). *Íþróttir formanna á Norðurlöndum*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Bryson, L. (1994). „Sport and the Maintenance of Masculine Hegemony.“ *Women, sport and culture*, bls. 47–64.

Coad, D. (2008). *The Metrosexual: Gender, Sexuality and Sport*. Albany: State University of New York Press.

Coakley, J. (2003). *Sports in Society: Issues and controversies*. Boston: McGraw Hill.

Egill „Gillz“ Einarsson. (2009). *Mannasiðir Gillz. Handbók herraþamansins*. Reykjavík: Bókafélagið.

Egill „Gillz“ Einarsson. (2010). *Lífsleikni Gillz. Handbók karlmannsins*. Reykjavík: Bókafélagið.

„Ekki láta stelpuna sóla þig!“ – fótboltaþabbar á testósteróni. (2012). *Smugan*, 28. júní. Sótt 29. júní af <http://smugan.is/2012/06/ekki-lata-stelpuna-sola-thig/>

Eygló Árnadóttir. (2011). „Flengd á beran bossann – kyn og staðalímyndir í fjölmiðlum.“ Erindi á málstofunni *Sagan endalaus: Baráttan um fjölmiðlana. Jafnréttisþing 2011, Hilton Hótel 4. febrúar*.

Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einaradóttir. (2010). „Konur og karlar í fjölmiðlum. Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun.“ *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðmundur Sæmundsson og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). „Hetjur nútímans. Orðræða prentmiðla um afreksíþróttafólk.“ *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 91–117. Vefslóð: <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/32/pdf>

Guðmundur Sæmundsson og Kristín Björnsdóttir. (2011). „Óskabörn allrar þjóðarinnar? Umfjöllun í blöðum og tímaritum um fatlaða íslenska afreksmenn í íþróttum.“ *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðmundur Sæmundsson og Kristján Kristjánsson. (2011). „Hyped Virtues, Hidden Vices. The Ethics of Icelandic Sports Literature.“ *Sports, Ethics and Philosophy*. Birt á vef 8. desember. Slóð að útdrætti: <http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/17511321.2011.587197>

- Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). „The development of Icelandic womanhood at the turn of two centuries. From motherly nature to sex appeal.“ *Þjóðarspejillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Valgeirsson og Eldon Snyder. (1986). „A Cross-Cultural Comparison of Newspaper Sports Sections“. *International review for the sociology of sport*, 21(2/3), 131–139.
- Hafdís Erla Hafsteinsdóttir. (2011). „Hitt kynið“: *Kvennaípróttir, feðraveldi og þjóðernishyggja, 1900–1964*. Ritgerð til BA-prófs við hugvísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 27. júní 2012 af http://skemman.is/stream/get/1946/8347/22211/1/BA_ritger%C3%B0-Hafd%C3%ADs_Erla_Hafsteinsd%C3%B3ttir.pdf
- Hargreaves, J. (2002). „The Victorian cult of the family and early years of female sport.“ *Gender and Sport. A Reader*. New York og London, bls. 53–78.
- Hildred, S. og Ewbank, T. (2003). *David Beckham engum líkur*. Reykjavík: Magellan ehf.
- Hult, J. S. (1994). „The Story of Women’s Athletics: Manipulating a Dream 1890–1985.“ *Women and sport: interdisciplinary perspectives*. Champaign, IL: Human Kinetics.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „The politics of historical discourse analysis: a qualitative research method?“ *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 31(2), 251–264.
- Kellas, J. G. (1991). *The Politics of Nationalism and Ethnicity*. Basingstole, England: Macmillan.
- Kjartan Ólafsson (ritstjóri). (2006). *Sports, Media and Stereotypes. Women and Men in Sports and Media*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Messner, M. A. (1994). „Sports and Male Domination: The Female Athlete as Contested Ideological Terrain“. *Women, Sport and Culture*, bls. 65–95.
- Neumann, I. B. (2002). „Forord“. *Forelesninger om regjering og styringskunst*, bls. 7–38. Oslo: Cappelen akademisk forlag.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). „Femínískar rannsóknir“. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 267–280). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Silja Aðalsteinsdóttir. (1995). „Draumar Þorgríms.“ *Tímarit Máls og menningar*, 56(3), 58–72.
- Símaskráin*. (2011). Ritstjóri: Guðrún María Guðmundsdóttir. Reykjavík: já.
- Svafa Grönfeldt o.fl. (2008). *Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna*. (2008). Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). *Síðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, bindi 8. Sótt 20. júlí 2011 af <http://rna.althingi.is/html/vidauki1.html>

Yfirlýsing frá Gillz: „Nauðgun er í mínum huga alvarlegur glæpur.“ (2012). *DV*, 22. júní. Sótt 25. júní 2012 af <http://www.dv.is/frettir/2012/6/22/yfirlýsing-fra-agli/>

Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Tilbrigði við stef: Alheimur í focus.“ Erindi á málstofunni *Sagan endalaus: Baráttan um fjölmiðlana. Jafnréttisþing 2011, Hilton Hótel, 4. febrúar.*

Þorgerður Hrönn Þorvaldsdóttir. (2001). „Af fegurðardísun, ástandskonum og fjallkonum. Lesið í tákmyndir hins kvenlega í íslensku menningarumhverfi.“ *Kvennaslóðir – rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, bls. 493–506. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

Þorgrímur Þráinsson. (2007a). „Býst við að verða böggður.“ *Fréttablaðið*, 14. september, bls. 38.

Þorgrímur Þráinsson. (2007b). *Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? Skemmtilegra kynlíf, fallettri samskipti, meira sjálfsöryggi.* Reykjavík: Andi.



Guðmundur Sæmundsson. (2012).

Svo sæt og brosmild...: Umfjöllun í blöðum og tímaritum um íslenskar afreksíþróttakonur á alþjóðavettvangi.

Netla – Vefítímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/rvn/008.pdf>